

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn frá Birgittu Jónsdóttur um TiSA-viðræðurnar.

1. Hvernig kom það til að Ísland hóf þátttöku í viðræðum um TiSA-samninginn?

Þátttaka Íslands í þessum tilteknu samningaviðræðum er rökrétt framhald af þeirri stefnu sem íslensk stjórnvöld hafa rekið síðustu áratugina. Ísland er aðili að þjónustusamningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar sem gekk í gildi árið 1995 eða GATS-samningnum svo nefnda. Ísland hefur verið virkur þátttakandi í alþjóðlegum viðræðum um viðskiptamál í áratugi og er aðili að 28 fríværslunarsamningum við 70 ríki. Frá aldamótum hefur vægi þjónustuviðskipta farið ört vaxandi í fríværslunarviðræðum. Í því samhengi má nefna að EFTA-ríkin vinna nú að því að uppfæra ýmsa af eldri fríværslunarsamningum sínum, m.a. við Tyrkland og Kanada, með það að markmiði að þeir nái einnig til þjónustuviðskipta.

Á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar lagði Ísland fram endurskoðaðar tillögur sínar um skuldbindingar í þjónustuviðskiptum árið 2005. Þær tillögur hafa síðan verið lagðar til grundvallar þeim skuldbindingum sem Ísland hefur gengist undir í þeim fríværslunarviðræðum sem Ísland hefur tekið þátt í. Þessar tillögur hafa einnig verið lagðar til grundvallar þeim skuldbindingum sem Ísland hefur lýst sig reiðubúið til að gangast undir í TiSA-viðræðunum.

Þjónustuviðskipti eru ört vaxandi þáttur í utanríkisviðskiptum Íslands. Þetta er sá angi alþjóðaviðskipta sem vex hvað hraðast. Síðustu ár hefur þróun útflutnings og þjónustu hér á landi verið mjög hagstæð og eru þjónustuviðskipti í dag í kringum 36% af heildarviðskiptum Íslands við umheiminn. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands var útflutningur á þjónustu 482,7 milljarðar kr. á árinu 2013 en innflutningur 334,9 milljarðar kr. Þjónustujöfnuður við útlönd á árinu 2013 varð því jákvæður um 147,8 milljarða kr. en jákvæður um 29,6 milljarða kr. á árinu 2012.

Hér er um að ræða hefðbundnar viðskiptaviðræður sem eru í venjubundnu ferli innan íslenskrar stjórnsýslu. Ákvörðun um að Ísland taki þátt í þessum viðræðum var tekin í desember 2012 og staðfest af núverandi ríkisstjórn í júní 2013. Litið var til þess að öll helstu samstarfsríki Íslands taka þátt í þessum viðræðum. Má þar nefna hin EFTA-ríkin, Noreg, Sviss og jafnframt ríki Evrópusambandsins og Bandaríkin. Það eru því ekki aðeins helstu samstarfsríki okkar sem taka þátt í þessum viðræðum heldur einnig okkar mikilvægustu markaðs-svæði.

2. Hve marga fundi um TiSA-samninginn hafa fulltrúar frá Íslandi setið og hverjir hafa setið þá og tekið ákvarðanir fyrir Íslands hönd?

Eins og ávallt eru viðræður af þessu tagi samstarfsverkefni utanríkisráðuneytisins og fagráðuneyta. Utanríkisráðuneytið leiðir þessar samningaviðræður af Íslands hálfu rétt eins og allar aðrar alþjóðlegar viðskiptaviðræður en á náð samstarf við önnur ráðuneyti um þau svið sem heyra undir verkefnasvið einstakra fagráðuneyta. Gert er ráð fyrir þátttöku sérfræðinga úr fagráðuneytum í samningalotum.

Ísland hefur sótt níu fundi, þar af sex formlegar samningalotur. Allar ákvarðanir um framhald viðræðnanna eru því teknar af utanríkisráðuneytinu og eftir atvikum viðkomandi fagráðuneytum í samræmi við starfsvenjur íslenskrar stjórnsýslu.

3. Hvernig er upplýsingum um gang mála miðlað til ráðherra og stendur til að upplýsa Alþingi um gang mála áður en samningurinn verður bindandi?

Rétt eins og gildir um aðrar alþjóðlegar samningaviðræður hefur upplýsingum um framgang þessara viðræðna verið miðlað til ráðherra eftir því sem tilefni er til og viðræðunum vindur fram. Gerð var grein fyrir stöðu viðræðna í skýrslu um utanríkismál í mars síðastliðnum og 4. júlí 2013 voru upplýsingar sendar til utanríkismálanefndar um viðræðurnar ásamt minnisblaði.

4. Hver mun undirrita samninginn fyrir Íslands hönd?

Gert er ráð fyrir að utanríkisráðherra muni undirrita samninginn þegar hann er fullklárður.

5. Er möguleiki fyrir utanríkismálanefnd að koma með bókanir eða breytingartillögur áður en samningurinn verður undirritaður?

Eðlilegt er að fjalla um framgang viðræðnanna í utanríkismálanefnd. Samráð mun verða haft við utanríkismálanefnd um þessar viðræður þar sem nefndinni gefst kostur á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

6. Er ráðherra meðvitaður um að ekki má aflétta trúnaði af skjölum sem liggja til grundvallar samningnum í fimm ár eftir að samkomulagið tekur gildi og hvernig hyggst ráðherra gera þinginu grein fyrir samningnum ef slíkar takmarkanir eru í gildi?

Samningurinn verður gerður opinber strax og hann verður undirritaður og um þau gögn sem Ísland leggur fram í samningaviðræðunum gilda hérland upplýsingalög en eins og í öllu alþjóðasamstarfi verður að virða þá staðreynd að ólíkar reglur gilda um opinberan aðgang að upplýsingum einstakra þátttökuríkja. Af hálfu Íslands verður starfað samkvæmt íslenskri upplýsingalöggjöf en á sama tíma virtur áskilnaður um trúnað sem önnur þátttökuríki gera áskilnað um þegar kemur að gögnum sem þessi ríki leggja fram. Í þessum efnum eru TiSA-viðræðurnar á engan hátt frábrugðnar öðru alþjóðasamstarfi sem Ísland tekur þátt í og almenningur getur nálgast upplýsingar um TiSA-samningaviðræðurnar ásamt tilboði Íslands á vefsíðu ráðuneytisins.